


2ja herbergja íbúðir (eitt svefnherbergi)

Leigjendur hafa aðgang að þráðlausu interneti LbhÍ á nemendagörðum. Athugið að óheimilt er að negla/bora í vegg í nemendagörðunum og því eru sérstakar rennur fyrir vegghengda hluti. Nemendur þurfa að hafa með sér gardínur. Allar íbúðir nemendagarðanna eru í göngufæri við LbhÍ.

Hvanneyrargata 2 og 4 (Árgarður og Hlégarður)

Í þessum húsum er sitthvor 40 fm íbúðin. Leigjendur deila anddyri, þvottahúsi og útifataherbergi með leigjendum einstaklingsherbergja húsanna og eru þrif á þessum rýmum sameiginleg. Svefnherbergi er með fataskáp og er útgengt út í garð úr stofunni. Á baðherbergi er salerni, skápafláss, vaskur og baðkar. Ísskápur fylgir íbúðinni en leigjendur þurfa að hafa með sér þau húsgögn sem þeir þurfa, leirtau og annað slíkt. Athugið að þessar íbúðir er einungis hægt að leigja út skólaárið (fram í miðjan maí).




Skipulag í 2ja herbergja íbúð við Hvanneyrargötu 2/4



Hvanneyrargata 2

Hvanneyrargata 6, Hvanneyrargata 8 og Túngata 22

Tvær tveggja herbergja íbúðir eru í hverju húsi, samtals sex, og eru þær um 70 fm hver. Stofa og svefnherbergi eru svipuð að stærð. Baðherbergi er með baðkari m/sturtu, salerni, baðvask og litlum skáp. Þvottahús er í hverri íbúð og bakinnangangur. Ísskápur og fataskápur fylgja en annars þurfa nemendur að koma með húsgögn, þvottavél og leirtau o.fl. sjálfir.



Skipulag á 3ja herbergja íbúðum við Hvanneyrargötu 6/8 og Túngötu 22




Hvanneyrargata 6 - Hvanneyrargata 8 og Túngata 22 eru eins skipulögð hús.

Skólaflöt 4, 8, 12 og 7

Í blokkunum við Skólaflöt eru 12 2ja herbergja íbúðir, frá um 46 fm og upp í um 56 fm. Í íbúðunum eru eitt svefnherbergi og samliggjandi stofa og eldhús. Þær eru ýmist staðsettar á jarðhæð eða 2. hæð og eru svalarhurðir á þeim öllum með útgengi annað hvort út í garð eða út á svalir. Baðherbergi eru með sturtu, salerni, baðvask og skápláss. Fataskápar eru í svefnherbergjum. Ísskápur fylgir íbúðunum en annars þurfa nemendur að hafa með sér öll þau húsgögn sem þeir þurfa, þvottavél, leirtau, eldhúsáhöld o.fl. Leigjendur hafa aðgengi að geymslu, annað hvort inn af íbúð eða í risi húsanna.

Fjölskyldufólki er raðað niður í Skólaflöt 7 eftir því sem hægt er. Athugið að íbúðum við Skólaflöt 4 og 8 er einungis úthlutað í skammtímaleigu, þ.e. út skólaárið (fram í miðjan maí). Íbúðir við Skólaflöt 12 og 7 er hægt að leigja yfir sumarið eða til 15. ágúst. Ein íbúð í Skólaflöt 12 er sérstaklega hönnuð með þarfir hreyfihamlaðra í huga.



Dæmi um skipulag í 2ja herbergja íbúð við Skólaflöt



Skólaflöt 7 – blokkirnar fjórar eru allar eins í útliti